

## Listskýning

Lithoprents í Listamannaskálanum verður framlengt til miðvikudagskvölds.

Opið frá kl. 10—10.

Fundur verður haldinn í

### Kvenstúdentafélagi Íslands

að Röðli þriðjudagskvöld 28. þ. m. kl. 8,30.

Skemmtiatriði:

Upplestur: Frú Ólöf Blöndal.

Ferðaminingar: Frú Katrín Mixa.

Myndirnar liggja frammi til pöntunar.

**FJÖLMENNID!**

**STJÓRNIN.**

## Dómsmálaráðuneytið

er flutt í Túngötu 18

## Unglinga eða eldra fólk

vantar til að bera blaðið til kaupenda

ÞJÓÐVILJINN

Skólavörðustíg 19 — Sími 2184.

## Að gefnu tilefni

tilkynnist hér með, að vér seljum framleiðsluvörur vorar aðeins í heildsölu til verzlana.

Eru því allar tilraunir einstaklinga til vörukaupa hjá oss, þýðingarlausar.

Viðskiptamenn vorir eru jafnframt beðnir að snúa sér með pantanir sínar til skrifstofunnar, Vesturgötu 17, en ekki til verksmiðjunnar.

Vinnufatagerð Íslands h.f.

## Auglýsið í Þjóðviljanum

Ragnar Ólafsson

Hæstaréttarlögmaður

og

lögiltur endurskoðandi

Vonarstræti 12, sími 5999

Daglega

NÝ EGG, soðin og hrá.

Kaffisalan

HAFNARSTRÆTI 16.

# GRIMUMADUR

í eldhúsinu. Það var líklega ekki —?

Svo er gengið léttum skrefum upp stigann. Það er ókunnugt fótatak. Hann ris upp við oluboga og horfir til dyranna.

Það er hjúkrunarkona, sem stendur í dyrunum með rjúkandi bolla í höndunum. Hann þekkir hana. Hún er vinkona Signe Bö, og það var hún, sem sat hjá móður hans, síðast þegar hann sá hana — í banalegunni.

„Þér eruð þá vaknaður,“ segir hjúkrunarkonan og brosir. „Hvernig liður yður?“

Hún rétti honum bollann en Þorsteinn leggur hann frá sér, skjálfhentur.

„Eg átti að skila kveðju frá Signe,“ segir hún og kingar kolli í dyrunum um leið og hún fer. „Hún kom hérna snöggvast á leiðinni í skólann. En hún sagðist ætla að vitja um yður aftur.“

„Signe!“ segir Þorsteinn við sjálfan sig, þegar hjúkrunarkonan er farin. Hann hallar sér aftur á bak og horfir upp í þakið. En þar stendur ekkert skrifað um Signe og stúlkuna, sem er að fara niður stigann. Það eru aðrir svipir, sem vitrast honum. Það er Magða, sem hann sér — Magða og hún, sem hann ætlaði að hitta í gær.

Hann hafði skilið við Mögða á veginum — nei, nei, hann vildi ekki muna það, hvernig þau skildu. En vist var það, að hann fór sína leið. Svo hafði hann numið staðar, þegar hún loksins hætti að veita honum eftirför, og tekið flöskuna upp úr vasa sínum. Hann horfði vel í kringum sig, og enginn gat hafa séð hann.

Síðan hafði hann haldið áfram án þess að gefa sig á tal við þá, sem urðu á vegi hans, og staðnæmzt yzt í hópnum, sem var saman kominn við kaffihúsið. Hann sá þetta allt greinilega í anda, þegar hann rifjaði það upp. Hann sá hljóðfærin, einkennisbúningana og mildu brosið á andlitum kvennanna. Hann sá kapteininn, glæsilega konu, sem talaði um náð og fyrirgefningu. Hrokkið hár hennar gægðist fram undan höfuðbúnaðinum. Einkennistreyjan var óhneppt og innan undir henni var hún í rauðri treyju, sem var þröng um brjóstin. Hann hafði ef til vill, tekið sérstaklega eftir því.

En þá hafði hann allt í einu komið auga á hana, sem stóð að baki allra hinna, hæglát, alvarleg og einmana. Hún bar gítarinn sinn á brjóstinu í bandi yfir herðarnar. Helena varð hans ekki vör. Hún hlustaði á kapteininn og fingert barnslegt bros lék um varir hennar. Hann kunni ekki vel við það. Svona hafði hún brosað áður en hún gaf sig honum á vald.

Hann hafði ekki lagt af stað í gær til að sjá þennan svip á andliti hennar, heldur ástúðlega djarfa brosið, sem ljómaði á móti honum, þegar hún vakti og beið eftir honum. Það andlit mundi hann fá að sjá, þegar samkoman væri úti og þau yrðu ein, hafði hann hugsað.

En þá gerðist það óvænta:

Kapteininn hafði lokið ræðu sinni og síðan var sunginn sálmur. Þá leit kapteininn í kringum sig, brosti blítt og hvetjandi til liðsmanna sinna, þessara fáu en trúu samherja. Þetta voru flest konur, þær voru ekki sérlega friðar, en margar ungar, og allar höfðu þær sagt skilið við heiminn og freistingar hans. Og þó hafði þessi slæmi heimur ef til vill ekki ásótt þær sjálfar mjög mikið með freistingum.

Kapteininn leit yfir hópinn. „Einhverjir ættu að vitna“, sagði hún. „Gjörið þið svo vel, kærur vinir.“

Þá varð þögn. Allir litu hver á annan. Enginn vildi verða fyrst

ur. Að lokum gekk fram stúlka, leysti af sér gítarinn, lét hann síga niður við hlið sér og studdi sig við hann eins og staf. Þetta var Helena. Hún fór að vitna:

„Eg hef syndgað meira en þið öll. Eg hef lifað í synd og svívirðingu. En guði sé lof —“ Nú brosti hún ekki lengur. Hún rétti úr sér og virtist hærri en hún var vön. Augu hennar leifur uðu og hún leit djarflega á hvert andlit. „En guði sé lof, hér stend ég í kvöld og vitna um, að allar syndir mínar eru þvegnar af mér og þeim er sökkt í hafið. Komið þið líka, vinir mínir. Allir geta fundið náð — þú eins og ég —“.

Hún leit af einu andliti á annan. Og þá kom hún auga á hann. Hún þagnaði og þurrkaði sér um ennið með skjálfandi hendi. Augu hennar urðu flóttaleg og skelfingarsvipur kom á andlitið.

En geðshræring hennar var aði aðeins örfá augnablik. Hún hélt hiklaust áfram syndajátningu sinni og horfði djarflega — á hann.



Harry Macfie:

## Gull Indíananna

(Sönn saga).

Sáldin voru farin að slitna og spaðarnir líka, en gullkornin tindum við af nákvæmni og söfnuðum þeim í ofurlitla skjóðu, sem hækkaði í með hverjum degi sem leið.

Við höfðum einu sinni farið þangað, sem við geymdum matarforðann, því að nestið var á þrotum. Við gáfum okkur ekki tíma til að veiða. Nú var komið langt fram í ágúst eða september var byrjaður. Við vorum ekki alveg vissir um það. Dagarnir voru óðum að stytast, og í heiðríkju var stundum bitur kuldi. Spóar og snípur voru farin að fljúga suður á bóginn. Við vorum farnir að hugsa til heimferðar. Það var löng leið og erfið norður að Stjörnuvatni í haustmyrkri og á móti straumi upp Nelsonsfljótið. Indíaná höfðum við ekki séð, síðan við fórum úr þorpinu þeirra, sem betur fór.

Nú hófst undirbúningur ferðarinnar. En ekki hættum við gullnáminu með glöðu geði, því að ef við áttum að búa okkur vel af stað næsta ár, veitti okkur ekki af fé. Dagarnir liðu fljótt, en því mjóur hækkaði ekki í skjóðinni að sama skapi.

Einn góðan veurdag, stóð ég niðri í gryfjunni og mokaði upp sandi, en Samúel tók við af þrepi í miðjum veggnum og fleygði honum upp á bakkann. Þá hrapaði allt í einu niður á okkur skriða af mól og sandi úr gryfjubarminum.

Við litum upp og sáuðum mann á bakkanum fyrir ofan okkur. Það var enginn annar en kynblendingurinn Joe la Croix.